

Þjóttan 1916

Eldgos á Breiðafirði.

Sjávarhæð, við Ísland, og fleiri landsmál.

Hverri þjóð ríður á því, miklu meira en ætlað er, að einhverjir sju þar, sem hafa það fyrir mark og mið að auka skilning.

I.

Fyrir ekki allfáum árum lærði jeg á því að rannsaka Grænlandsströnd, hvernig er að sjá, þar sem land sigur í sjó (sjá ritgerð mína í Meddelelser om Grönland 14. Bd.). Vorð eftir, þegar jeg kom til Íslands, sá jeg glögt, eða þóttist sjá, á ströndinni kringum Reykjavík, einkenni þess lands, sem er að sökkva, eða hefur a. m. k. til skamms tína verið að sökkva. Skrifaði jeg um þetta grein-arstúf í blaðið „Ísland“.

Seinna virtist mjer mega sjá norðan á Snæfellsnesi, að landið hefði einnig þar verið að síga, en væri nú hætt fyrir nokkru. En af Breiðafirði er það sagt, að sjávarbotninn þar hafi hækkað. Virðist svo, sem í senn hafi sjór lækkað á Breiðafirði, en hækkað við Faxaflóaströnd, og er það eftirtektar vert mjög.

II.

Það virðist ekki ólíklegt, að land-sigið við Faxaflóa hafi, að minsta kosti að nokkru leyti, stafað af þeirri miklu kólnun, og þar af leiðandi samdrætti jarðbergsins, sem mun hafa orðið, er lauk hinum miklu gosum, sem verið hafa á Reykjanesi og þar

í grend. Og það virðist mega benda á líkur til þess, að breyting sjávarhæðarinnar á Breiðafirði, sem er á hinn veginn, standi einnig í sambandi við jarðhitann, og komi af því, að þar sje að draga til eldgosa. Verður það auðskilið, sje þarna rjett í ráðið, að sjór geti verið að lækka í öðrum flóanum, þó að hann hækki í hinum.

Þessi skilningur, að gos geti verið í undirbúningi á Breiðafirði, er ekki á engu byggður. Seinast í september 1915 var jeg staddur á „Gullfossi“, eimskipinu íslenska, við Flatey. Hitti jeg þar að máli kunnan mann, Snæbjörn í Hergilsey, og sagði hann mjer meðal annars, að til væri rituð frásögn um eldsumbrot í hólma nokkrum milli Hergilseyjar og Flateyjar. Hafði sjera Bjarni Simonarson á Brjánslæg minst á þetta við mig áður. Ekki varð því komið við að skoða hólmann í þessari ferð, og býst jeg við að geta gert það seinna.

III.

Landið undir Breiðafirði virðist vera mjög sprungið og brotið, og um miðja Barðaströnd er merkilegt jarðsprungusvæði, sem próf. Þorv. Thoroddsen hefur fróðlega rannsakað.* Nú er það mjög eftirtektar vert, að ef vjer hugsum oss heima hvar frá Snæfellokjökl og yfir í jarðsprungusvæðið á Barðaströnd, hjer um bil þar sem það skerst lengst inn í landið, þá verður goshólminn, sem Snæbjörn í Hergilsey sagði mjer frá, í þessari línu, eða mjög nálægt henni. Á þessu svæði eru líka heitar upp-prettur, hverir, sem lesa má um í ferðabók Eggerts og Bjarna og Íslandslýsingu Þorv. Thoroddsens. Eru

sumir hverir eftirstöðvar eftir gos, en Breiðafjarðarhverirnir virðast vera á hinn veginn, fyrirboði gostímabils, ásamt þessum smávegis jarðbruna, í hólmanum, sem áður er um getið. Veita þyrfti því eftirtekt, hvort laugar og hverir á þessu svæði eru að aukast og hitna.

Sje að hitna landið undir Breiðafirði undir gos, þá er skiljanlegt þetta, sem mjer virtist fyrir ekki allfáum árum, að Snæfellsnes norðanvert sje nú hætt að síga í sjó, þó að sigið hafi um tíma áður. En sjávargangssaga af Ísafirði fyrir skömmu bendir ekki til þess að hækkun landsins nái svo langt norður, hvort sem þessi landsrótarhitnun kann að hafa orðið til að stöðva landsig hjer við sunnanverðan Faxaflóa, eða önnur, sem væri henni samferða. Fyrirfram verður því að minsta kosti ekki neit að. Það er eitt af því sem á ríður, til þess að komast eitthvað áfram í skilningi hlutanna, að vera ekki fyrirfram of sannfærður um það sem ekki má vera sannfærður um. Annars virðist svo, sem stendur landsins hafi til skamms tíma verið að síga, og getur verið, að því fari fram enn þá víðast hvar. Mjög efnilegur jarðfræðingur, sem fróðari er um skeljar en aðrir náttúrufræðingar íslenskir, Guðmundur bóndi Bárðarson, hefur byrjað á rannsóknnum á breytingum, sem orðið hafa á sjávarhæð við Ísland; væri óskandi, að hann gæti haldið rannsóknnum sínum áfram, og einnig að gerðar yrðu nákvæmar mælingar á sjávarhæðinni nú. Tel jeg sjálfsgagt, að slíkar mælingar verði gerðar við höfnina nýju, og er það verkfræðinga að annast um það.

IV.

Talað hefur verið um, og enda komið í ljós að nokkru í Vestmannaeyjum, að hafnargarðarnir mundu ekki vera nógu sterkir. Má á Örfirisey og klöppunum hjer við Reykjavík sjá afl brimöldunnar, og eins t. a. m. á Öskjuhlíð sumstaðar (hvað áður var). Gætu verkfræðingar sjálfsgagt gert sjer nokkra hugmynd um, hvað mikið afl hefur þurft til að brjóta klettana.

Við Vestmannaeyjar er hafsmagn-ið í mesta lagi, enda er býsna mikið á eyjarnar gengið. Vestmannaeyjar eru rústir af eldfjöllum; en þó undarlegt megi virðast, hafa til skamms

tíma engir þeir jarðfræðingar, sem að eyjunum hafa komið, veitt því eftirtekt, að þær eru rústir af gígjaröð. Má nefna slíkt til dæmis um, að hvert nýtt spor á skilningsleið, hversu auðvelt, sem það sýnist eftir á, er meiri erfiðleikum bundið en menn halda vanalega. Mjög mikið af slíku um eldfjallarústum er til á Íslandi, og höfðu menn ekki skilið þetta, nje heldur vitað rjett um aldur þess konar fjalla, fyr en mínar rannsóknir leiddu það í ljós. Munu þeir, sem greindir eru, eiga hægt með að skilja, hvers vegna jeg tek þetta fram.

Niðurl.

Helgi Pjeturss.

* Skal hann njóta sannmælis frá mjer, þó að lítt sje hann farinn að láta mig njóta sannmælis enn þá; mun það nokkuð koma af því, að hann er ekki farinn að skilja mig enn; virðist mjer svo, sem sama megi segja um Íslendinga yfirleitt, enn sem komið er; mundi prófessor Þorvaldur skilja mig betur, ef hann vildi vera með mjer nokkrar klukkustundir hjer í nágrenni við Reykjavík, og líta á ýmislegt, sem jeg gæti sýnt honum, en bæði honum og öðrum jarðfræðingum, sem rannsóknir hafa stundað á landi hjer, hefur verið ókunnugt um.